

90. fundur

25. júní 2019

1001008SA BÓH  
Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

90. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn þriðjudaginn 25. júní 2019. Fundurinn fór fram í Borgartúni 30 og hófst hann klukkan 9:00.

Fundinn sátu: Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Jens Guðjón Einarsson, Anna Rós Sigmundsdóttir og Silja Kristjánsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Haukur Þór Haraldsson, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Veikindi í sumarorlofi**

FG lagði fram minnisblað þar sem farið var yfir ákvæði greinar 4.6 og 4.6.2.

Úr gildandi kjarasamningi SNS og FG:

**„4.6 Veikindi í orlofi**

**4.6.1. Veikindi ekki hluti orlofs**

*Veikist starfsmaður í orlofi, telst sá tími, sem veikindum nemur, ekki til orlofs, enda tilkynni hann veikindin svo fljótt sem auðið er og sanni með læknisvottorði, að hann geti ekki notið orlofs. Starfsmaður sem veikist erlendis verður að vera við því búinn að þurfa að sanna veikindi sín með læknisvottorði.*

**4.6.2 Veikindi utan starfstíma skóla**

*Nái starfsmaður vegna veikinda ekki að nýta orlofsrétt sinn (24, 27 eða 30 daga) á tímabilinu 15. júní til 15. ágúst telst það sem á vantar veikindi í orlofi. Veikindi skulu skýlaust sönnuð sbr. ákvæði 4.6.1.“*

### **Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála um að fyrir 1. júní ár hvert skuli liggja fyrir skriflega hvaða daga félagsmaður er skráður í orlof (að hámarki 24, 27 eða 30 dagar). Orlof getur aldrei orðið lengra en ákvarðað er skv. gr. 4.1.1 og 4.1.2 (24, 27 eða 30 dagar).

Veikist starfsmaður einhvern þann dag sem hann var skráður í orlof skv. framangreindu telst sá tími sem veikindum nemur ekki til orlofs. Skv. grein 4.6.1 er þetta háð því að hann tilkynni veikindin svo fljótt sem auðið er og sanni með læknisvottorði að hann geti ekki notið orlofs. Starfsmaður sem veikist erlendis verður að vera við því búinn að þurfa að sanna veikindi sín með læknisvottorði.

## **2. Grein 2.3.9 Nemendaferðir greiðslur fyrir umsjón**

FG lagði fram minnisblað þar sem farið er fram á viðurkenningu SNS um að í orðalagi greinar 2.3.9 felist að greiða beri 8 dagvinnutíma til viðbótar föstum launum, vegna nemendaferða. Krafa FG þýðir í raun að greiða beri 16 dagvinnutíma fyrir hvern ferðadag.

### **Niðurstaða:**

Ekki náðist samstaða um málið

Fulltrúar FG vilja bóka eftirfarandi:

Þegar kennara er falið að fara með nemendum í ferð þá er það hluti af starfsskyldum hans og ber því að greiða fyrir þær eins og um er samið í kjarasamningi. Félag grunnskólakennara harmar að ekki hafi náðst sameiginlegur skilningur á ferðaákvæði í kjarasamningi félagsins og Sambandi íslenskra sveitafélaga. Í kjarasamningnum er ákvæði um umsjón með nemendum í ferðalögum og þar kemur fram:

#### *2.3.9 Nemendaferðir, greiðslur fyrir umsjón*

*Þegar kennarar ferðast með og annast nemendur á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu. Vegna ferðalaga með nemendur til eða frá útlöndum að nóttu til þar sem ferðatími er á tímabilinu kl. 00.00 – 07:00 eru greiddar 4 klst. í yfirvinnu. Þegar um dagsferðir innanlands er að ræða er greidd yfirvinna samkvæmt vinnuframlagi. Um lágmarkshvöld, sjá gr. 2.4 og fylgiskjal 2 með samningi þessum.*

Hins vegar er líka talað um nemendaferðir í grein 2.1.6.2:

#### *2.1.6.2 Vinnuskylda vegna námskeiða og í óhefðbundnu skólastarfi*

*Þá daga sem varið er til ýmissa starfa í þágu skóla er allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni. Hér er átt við alla undirbúningsdaga kennara, námskeiðsdaga á vegum vinnuveitanda, nemendaferðir og daga sem nýttir eru til óhefðbundins skólastarfs s.s. þemadaga, íþróttadaga, ýmsa vettvangs- og ferðadaga og á sérstökum uppbrotsdögum. Uppbrotsdagar geta mest orðið 10 dagar á skólaárinu og skal tilgreina þá á skólalagatali. Æskilegt er að dreifa uppbrotsdögum á mismunandi vikudaga.*

Þar sem að nemendaferðir eru hluti af skilgreindu skólastarfi og teljast til lögbundins tíma sem nemendum er skylt að stunda nám í grunnskóla, lítum við svo á að nemendaferðir geti fallið undir grein 2.1.6.2. þar sem allt vinnuframlag kennara er til ráðstöfunar. Vísun í samþykkt sem gerð var á 83. fundi samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara sem haldinn mánudaginn 2. júlí 2018 í Borgartúni 30.

## Uppbrotisdagar

Uppbrotisdagar þar sem allt vinnuframlag kennara er til ráðstöfunar mega vera 10 talsins yfir skólaárið. Uppbrotisdaga skal geta á skóladagatali. Skóladagatal getur tekið breytingum eftir nánari ákvörðun skólastjóra. Breytingar á skóladagatali skulu gerðar samkvæmt þeim aðferðum sem lög, reglugerðir og kjarasamningar kunna að mæla fyrir um. Þessa daga er ekki greidd yfirvinna nema í þeim tilvikum sem vinnuframlag kennara fer út fyrir daglegt vinnuframlag. Skólastjórnanda er heimilt að skipuleggja fleiri daga en þessa 10 daga til að auka fjölbreytni með óhefðbundnu skólastarfi þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega. Þessa daga er aðeins sá tími sem kennari hefur í kennsluskyldu til ráðstöfunar í þessu skyni og ekki þarf að að geta þeirra á skóladagatali.

Því er það krafa okkur að ferðadagar sem falla utan við skilgreindan hámarksfjöld uppbrotisdaga á skóladagatali verði borgaðir eins og um var samið á samstarfsnefndar fundi 2. júlí 2018.

Fulltrúar SNS leggja fram eftirfarandi bókun:

Þegar kjarasamningur var gerður milli aðila árið 2014 var ákveðið að breyta þeirri framkvæmd sem verið hafði fram til þess að frá tímafjölda á ferðadegi drægist frá fjöldi kennslustunda í stundaskrá viðkomandi kennara á ferðadegi. Þess í stað var samið um og það skrifað inn í grein 2.1.6.2, Vinnuskylda vegna námskeiða og í óhefðbundnu skólastarfi, að þegar um væri að ræða ýmsa vettvangs- og ferðadaga með nemendum væri allur vinnutími kennara til ráðstöfunar í því skyni. Þrátt fyrir að ferðadaga væri getið með þessum hætti í grein 2.1.6.2 er ekkert samkomulag milli aðila um að ferðalög falli undir skilgreiningu kjarasamnings um uppbrotisdaga.

Eftir breytinguna hefur það verið ágreiningslaust við félagið fram að þessu að 8 dagvinnutímar sem um er getið í grein 2.3.9 um nemendaferðir séu hluti af fastri vinnuskyldu kennara. Því liggur fyrir að ekki er greitt sérstaklega fyrir dagvinnustundir í ákvæðinu, hvorki með dagvinnu eða yfirvinnu og engin tengsl eru lengur við kennslu viðkomandi kennara á ferðadegi. Samhljóða ákvæði er í flestum kjarasamningum sambandsins við stéttarfélag þar sem félagsmenn ferðast með skjólstæðinga og enginn ágreiningur er um þá framkvæmd að 8 dagvinnutímar á ferðadegi séu ekki tvígreiddir eins og FG hefur farið fram á.

Rétt er að áréttu að það er óframkvæmanlegt út frá lögum um lengd vinnuvikunnar og ákvæðum kjarasamnings um vinnutíma að vinna eða fá greitt meira en 100% dagvinnu á hverjum tíma nema aðilar séu sammála um að þjappa vinnuskyldu á styttri tíma. Að aflokinni 40 klst. vinnuviku ( 42,86 klst. í tilfelli kennara þar sem dagvinnuframlagi er þjappað á styttri tíma) greiðist yfirvinna ef réttur til hennar er til staðar samkvæmt vinnuframlagi og kjarasamningi.

Í þeim tilvikum sem ferðadag ber upp á dag þar sem kennari hefur lokið fyrirfram skilgreindri vinnuskyldu sinni, eða hefur ekki fyrirfram skilgreinda vinnuskyldu, á ferðadegi, ber að greiða honum fyrir vinnuframlag með yfirvinnu og eftir atvikum skv. grein 2.3.9.

### 3. Mat á menntun frá erlendum háskólum

#### Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað. Fyrir liggur að um tvö mál er að ræða og verða þau tekin fyrir og afgreidd sem aðskilin mál.

Fundi slitið klukkan 10:30